

til þess þér auglýsið það, að dómsmálastjórnin fellst á uppá-  
stungu yðar.

1870.  
9. júlí.

## 72. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til allra pró- fasta á Íslandi, um almenna fólkstölu.

9. júlí.

Samkvæmt því, sem ríkisfræðiseildin hefir skýrt frá, var allt  
fólk í konungsríkinu Danmörku talið á ný 1. febrm. þ. á.; en með  
því þessi dagur þótti miður vel fallinn á Íslandi og í hinum öðrum  
norðlægu löndum Danakonungs, eptir því, sem þar hagar til, er 1.  
dagur oktrm., sem næst fer í hönd, tekinn til þess, að þá skuli  
fara fram manntal eptir sóknum á öllu Íslandi. Þessu skal haga  
á þann hátt, að sérhver sóknarprestur láti hlutaðeiganda hrepp-  
stjóra, eða einhvern annan mann í sókninni, sem til þess sè fær,  
telja upp allt fólk í sókninni og rita það á eyðublöð, sem til þess  
eru ætluð, og skal þar jafnframt tilgreind tala heimilanna, nafn  
manna, aldur og stött o. s. fr., en síðan skal sóknarpresturinn,  
eptir manntalsskrám þeim, sem fengizt hafa með þessu móti, búa  
til aðaltöflur á önnur eyðublöð, sem einnig eru til þessa ætluð;  
skal þar rita í það, sem kemur út úr manntalsskránum, og senda  
þar á eptir hvorttveggja hlutaðeiganda prófasti, er aptur á að  
senda það beina leið hinni íslenzku stjórnardeild, ásamt mann-  
talsskrám og aðaltöflum úr sinni eigin sókn. Ef svo kynni að fara,  
að manntal geti ekki fram farið á þeim degi, sem ákveðinn er að  
framan, í yðar prófastsdæmi, sökum þess, hvernig þar hagar til, og  
verði því að halda manntal síðar, þykir það samt réttast, að mann-  
talinu að svo miklu leyti, sem unnt er, verði lagað eptir því, sem  
ástatt er 1. oktrm. þ. á., svo að manntalið sýni, hve mært fólk í  
raun og veru sè á Íslandi nefndan dag.

Stjórnardeildin sendir yður nú, herra prófastur, með bréfi þessu  
nokkur exemplör af reglum um fólkstölu, skýrsluform og eyðublöð,  
sem prentuð eru á íslenzku, og er það allt í flestum atriðum sam-  
kvæmt því, sem farið var eptir, þá er manntal fór fram 1860;  
en skjöl þessi eru þau, er nú skal greina:

1. Reglur fyrir því, hvernig semja skuli manntalsskrárnar.



1870.

9. júlí.

2. Skýrsluform til manntalsskránnar.
3. Skýrsla um fólkstal.
4. Eyðublöð til aðaltaflanna, er prestar eiga að semja yfir fólksfjölda í hverri sókn, og þar við bætt reglum um það, hvernig semja skuli töflur þessar.

Þér eruð beðnir að úthluta skjölum þessum meðal prestanna í yðar prófastsdæmi, eptir því sem með þarf í hverri sókn, og hafa gætur á, að manntalið hafi góðan framgang í prófastsdæminu, og að farið verði eptir reglum þeim, sem settar eru um þetta efni og um er getið að framan, einnig að svara fyrirspurnum þeim, er prestar kynni að gjöra um réttan skilning á reglunum; eruð þér og beðnir, að láta yður einkar annt um, að manntalsskrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í yðar prófastsdæmi komist hingað með fyrstu póstskeipsferð frá Íslandi næsta ár.

19. júlí.

### 73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.

Fjárhagsstjórninni mun kunnugt vera, að Snæfellsnessýsla í vesturumdæmi Íslands varð laus 12. septbrm. 1868, þá er Borgarfjarðarsýsla var veitt sýslumanni *Böving*. Þessu embætti hefir verið slegið upp og sýslan staðið laus síðan, en með því enginn hefir sókt um hana, er engin útsjón til, að nokkur hæfur maður fáið til að taka hana, nema því að eins, að hlutast verði til um, að bættar verði tekjur þær, sem embættinu fylgja nú, og má álíta, að þær sé hërumbil 450 rd. á ári. Þaræð sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, Gunnlaugur Blöndal, einsog fjárstjórninni einnig er kunnugt, hefir sókt um lausn, mun þetta embætti sömuleiðis losna, en með því tekjur þess eru enn minni en tekjurnar af Snæfellsnessýslu, það er að segja aðeins hërumbil 400 rd. á ári hverju, eru jafn litlar vonir um, að nokkur vili taka þessa sýslu. Útaf þessu lagði dómsmálastjórnin það þegar 15. aprílm. f. á. fyrir amtmanninn í vesturumdæminu, að íhuga, hvort ekki mætti, með því að breyta lögsagnarumdæmum, sem ná saman, bæta svo tekjur